

Foreldraráð Verzlunarskólans Fundargerð

Stjórnarfundur 4. Nóvember 2015 haldinn í fundarsal á annarri hæð VÍ

Mættir voru: María Björk Óskarsdóttir, Helga Sverrisdóttir, Hafsteinn Sv. Hafsteinsson, Svandís Sturludóttir, Sæunn Gísladóttir, María Fjóla Pétursdóttir, Hjördís Björgvinsdóttir, Margrét Ármann, Brynja Kristinsdóttir, Þorlákur Traustason, Þórdís Guðmundsdóttir

DAGSKRÁ:

1) María Björk bauð nýja stjórnarmenn velkomna, fólk kynnti sig en einnig kynnti María Björk fyrir nýjum stjórnarmönnum helstu störf og embætti félagsins .

2) Stutt umræða um velheppnað foreldrakvöld sem haldið var fyrir skemmstu í tengslum við aðalfund þar sem metfjöldi foreldra mætti eða um 200 manns og lofar það vonandi góðu fyrir framhald starfsins í vetur. Páll Ólafsson félagsráðgjafi hélt fyrirlestur og sló alveg í gegn meðal foreldra.

3) Yfirlit frá gjaldkera um stöðu mála og hvernig innheimta gengur á félagsgjaldinu. Margir hafa þegar greitt eða 477 foreldrar og ljóst er að fjárhagsstaða félagsins er ágæt eða 1.108.000 kr.

4) . Rætt um að halda aftur fræðslufund fyrir foreldra/nemendur eins og var gert á síðasta ári og verður fundið betur út úr því í upphafi árs 2016. Ein hugmynd sem varpað var fram var fyrirlestur Þorgríms Þráinssonar "Fangaðu drauminn" . .

5)Verkaskipting stjórnar

María Björk kosin til áframhaldandi formennsku sem og Helga Sverrisdóttur í embætti ritara. María Björk mun einnig sitja fundi skólanefndar en eðlilegast að formaður hafi það hlutverk til að halda mestri yfirsýn og tengslum. .

Hafsteinn Sv. Hafsteinsson var kjörinn gjaldkeri þar sem Sigurður vék úr stjórn. Svandís tók að sér ábyrgð á ballgæslumálum þ.e. samskiptin við Kristínu Huld, útdeilingu verkefna s.s. við veitingar og að manna ballgæsluna meðal foreldra og stjórnarmanna.

Sæunn, Hjördís, María Fjóla og Brynja tóku að sér að vera í nefnd með Svandísi þ.e. að skipta með sér að gera veitingar og það sem til þarf hverju sinni fyrir böllin. Fyrir ballið 10. Nóvember ætlar Svandís að senda póst eftir skráningarlistanum á amk 10-15 feður til að kalla á nokkra í gæsluna. Hjördís tekur að sér kakóið og verður nú prófuð kaffikanna með dælu. Sæunn tekur að sér að koma með veitingarnar og vatn, kaupa einnota bolla, plastpoka, og flísteppi.

6) Varðandi Facebook síðuna þá ræddi María Björk mikilvægi þess að átta sig aðeins betur á því hvernig og hversu mikið við viljum nota hana. Í raun þarf ákveðin skoðun og stefnumótun að fara fram. Hvaða upplýsingar viljum við birta, hvar nálgumst við þær, hvað með samskipti inni á síðunni, síðan er öllum opin og inn í hópinn eru skráðir yfir 1000 manns ... klárlega ekki allir með börn í skólanum lengur. Viljum við hafa hana enn meira lifandi en í fyrra og þá í samanburði við það sem gert hafði verið hjá upphafsmönnum síðunnar o.s.frv.

Þorlákur tók að sér að setja sig aðeins inn í facebookmálið og vinna það áfram með formanni áður en lagðar verða fram tillögur fyrir stjórnina.

7) Ballgæsla - skipulag fyrir næsta ball sem verður þriðjudaginn 10. nóvember í Vodafonehöllinni og verður mjög fjölmennt enda búið að panta erlent tónlistaratriði. Á aðalfundinum voru látnir ganga listar til fólks sem það gat skráð sig á ef það hafði áhuga á að vera í gæslu og skráðu fjölmargir sig á þann lista.

8) Vinningar í edrúpottinn fyrir næsta ball. Rætt var að enginn vafi sé á að edrúpotturinn sé mikil forvörn og ákveðið að halda áfram með hann á svipuðum nótum, gefa marga vinninga og gjafakort

svo sem flestir geti átt möguleika. Í ljósi góðrar fjárhagsstöðu var ákveðið að gefa 16x10.000 kr. peningagjafakort sem myndu dreifast jafnt á alla árganga til að hvetja enn fleiri til að blása.

9) Umræða um foreldrastarfið í vetur, rætt um að tímasetja gróflega fundi og viðburði, bæði reglubundin verkefni og nýjungar s.s. fundi foreldraráðsins, fund með skólastjórn, ballgæslumál, fleiri foreldrakvöld/og reyna viðburði, viðburð fyrir nemendur o.s.frv.

10) Annað

Umræður í lok fundar :

Í tengslum við umræðu um að blása í áfengismæli við inngöngu á skólaböllin í Verzló er mikill áhugi fyrir því innan skólans og hjá foreldrum að færa þá skyldu ofar í aldri þ.e. fram til áramóta á 2.ári krakkanna þ.e. þegar þau eru að verða 18 ára. Kristín Huld hefur óskað eftir því að Foreldraráðið skili frá sér ályktun um málið og var stjórnin sammála því að þetta væri bæði mikilvægt og mjög jákvætt skref. Formaður tekur að sér að gera drög að ályktun fyrir stjórnina sem myndi þá koma með tillögum að breytingum og/eða samþykka áður en hún yrði gerð opinber.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 19.00

Helga Sverrisdóttir, ritari stjórnar